



Fundargerð stjórnar SOS nr. 341

Staður: Fundurinn er haldinn í fundarsal á skrifstofu SASS að Austurvegi 56.

Dagsetning og tími: 10. desember kl. 12:00.

Mætt voru: Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), formaður, Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), Jón G. Valgeirsson (JGV) og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð, auk Ingunnar Jónsdóttur (IJ), framkvæmdastjóra SASS.

1. Svar frá stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).

Á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS) þann 24. október sl. voru samþykktar tillögur stjórnar sem varða breytingu á umgjörð og rekstri SOS, sem þarfnast aðkomu SASS. Að fenginni afgreiðslu aðalfundar SOS vegna breytinganna hefur verið unnið að drögum að samningi á milli SASS og SOS henni til samræmis ásamt kostnaðargreiningu, viðauka við fjárhagsáætlun, starfslýsingu viðkomandi starfsmanns o.fl. Vinna þessi hefur átt sér stað með aðkomu formanna og varaformanna stjórna SASS og SOS í samvinnu við framkvæmdastjóra SASS ásamt því að fengin hefur verið aðkeypt lögfræðipjónusta vegna verkefnisins á kostnað SOS.

Á síðasta fundi stjórnar SOS þann 2. desember 2025 voru samþykkt drög að erindi til SASS vegna breytinganna á umgjörð og rekstri SOS þar sem óskað var eftir því formlega við stjórn SASS að samþykkt yrði aðkoma SASS að verkefninu í samræmi við fyrirbyggjandi ályktanir aðalfundar SOS og fyrirbyggjandi samningsdrög. Í erindinu var jafnframt tilgreint að í framhaldinu yrði málið sent til aðildarsveitarfélaga SASS til samþykktar og stefnt að því að afgreiðsla þeirra vegna málsins lægi fyrir á fyrirhugaðri tímasetningu aukaaðalfundar SOS í janúar 2025. Formanni var á fundinum þann 2. desember falið að undirrita erindið og koma því á framfæri við stjórnarformann SASS.

Fyrir fundi þessum liggur fyrir fundargerð stjórnar SASS frá 5. desember 2025 þar sem eftirfarandi var samþykkt:

Stjórn samþykkir aðkomu SASS að verkefninu í samræmi við fyrirbyggjandi ályktanir aðalfundar SOS og fyrirbyggjandi samningsdrög með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga SASS. Samþykkt er að senda málið til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga SASS til samþykktar og formanni falið að fylgja málinu eftir.

Niðurstaða stjórnar SASS hefur verið send aðildarsveitarfélögum SASS til staðfestingar.

Stjórn fagnar niðurstöðu stjórnar SASS um málið og vísar málinu til afgreiðslu fyrirhugaðs aukaaðalfundar SOS í janúar 2025, en þá er fyrirhugað að sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga SASS hafi tekið afgreiðslu stjórnar SASS vegna málsins fyrir til staðfestingar á sínum vegum.

2. Aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS).

Farið yfir tillögur að tímasetningum og dagskrá fyrir aukaaðalfund SOS v. fyrirtöku mála v. breytinga á starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Á síðasta fundi stjórnar var bókað um fyrirhugaða tímasetningu aukaaðalfundarins þann 12. janúar 2025. Stjórn samþykkir að fundurinn verði þess í stað haldinn þann 16. janúar 2025 kl. 11:00 í fjarfundarbúnaði.

Farið er yfir drög að dagskrá aukaaðalfundarins og hún samþykkt. Formanni stjórnar (ÁVÁ) og framkvæmdarstjóra SASS (IJ) er falið að boða til fundarins.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur stjórnar SOS er fyrirhugaður 12. janúar nk. kl. 13 í fjarfundarbúnaði.

Fundi slitið klukkan 13:25.